



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning í landi Stóra
Hrauns í Árborg vegna
deiliskipulags*

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Apríl 2025

NV nr. 11-25


 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Apríl 2025
Skýrsla nr: 11-25	Verknúmer: 691	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning í landi Stóra Hrauns í Árborg vegna deiliskipulags		Unnið fyrir: Sveitarfélagið Árborg
Höfundur: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir & Kristín Sylvía Ragnarsdóttir		Verkefnastjóri: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning í landi Stóra Hrauns í Árborg vegna deiliskipulags.		
Undirskrift verkefnastjóra: MHH		Yfirlarið af: KSR

EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	4
2.	Aðferðafræði	4
2.1	Tilgangur fornleifaskráningar	4
2.2	Skráning fornleifa	5
3.	Framkvæmdasvæðið	6
3.1	Saga Stóra Hrauns	6
3.2	Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis	9
3	Niðurstöður	15
4	Heimildaskrá	17
5	Kort	19

1. INNGANGUR

Að beiðni Rúnars Guðmundssonar hjá sveitarfélaginu Árborg gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu á deiliskipulagsreit í landi Stóra Hrauns í Árborg. Gert er ráð fyrir að byggja nýtt öryggisfangelsi í stað fangelsisins að Litla Hrauni. Skipulagssvæðið er hluti af jörðinni Stóra Hraun (L215875) og er um 114ha að stærð. Skipulagssvæði liggur í horni tveggja stofnavega, Eyrarbakkaveg (34) og Gaulverjabæjarveg (33).¹



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins merkt inn á kort með gulum punkti.

Svæðið var gengið og minjar mældar upp. Vettvangsvinna fór fram þann 9. apríl 2025 og var unnin af Margréti Hrönn Hallmundsdóttir, fornleifafræðingi sem sá einnig um skýrslu- og kortagerð ásamt Kristínu Sýlvíu Ragnarsdóttur fornleifafræðingi.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hafði áður verið skráð að hluta og var stuðst við þá skráningu. Allir minjastaðir voru skráðir og teknir voru staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

2.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29 júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin í skipulagsgerð skv. lögum, en í 16.gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. Grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast til hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

¹ Lilja Kristín Ólafsdóttir. 2025.

vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaraðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24.gr.)

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3422 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3422-001.

3. FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ

3.1 Saga Stóra Hrauns

„Austasta jörð í Eyrarbakkahreppi er Hraun, sem er landnámsjörð og elsta jörðin í hreppnum...“² „Fram af Hraunshverfi myndast dálítið nes, sem náð hefur fyrr á tímum talsvert lengra í sjó fram en nú. Nes þetta var nefnt Framnes. Þar var á landnámsöld reistur fyrsti bærinn í hverfinu ...“³ Í *Landnámu* segir: „Hallsteinn hét maður, er fór úr Sogni til Íslands, mágur Hásteins. Honum gaf hann inn ytra hlut Eyrarbakka. Hann bjó á Framnesi. Hans sonur var Þorsteinn, faðir Arngríms, er veginn var að fauskagrefti. Hans sonur Þorbjörn á Framnesi, er þar bjó lengi síðan.“ (Íslendinga sögur I, 220). Ytri hlutur Eyrarbakka er sá hluti hans er liggur vestan landamerka Stokkseyrar og verður og að ætla, að Framnes hafi verið í byggð á fyrri hluta 12. aldar.⁴ „En er Landnámu sleppir, kemur Framnes ekki framari við sögu með því nafni. Enn í dag minna þó nokkur örnefni á hina fornu landnámsjörð. Það eru örnefnin Framnesboði og Framneshóll, er vera munu bæði forn. Þurrabúið ein, sem byggð var á 19. öld, bar nafn hinnar gömlu jarðar.“⁵ „Er sagt að bærinn Framnes hafi staðið þar, sem nú eru fjöruklettur útundan boðanum. Og án efa hafa eyðilagt af sjógangi. Hefir byggðin þá verið flutt spölkorn frá sjó, og bærinn fengið nýtt nafn, þar eð hann stóð nú eigi lengur *fram* á neinu *nesi*, heldur upp á flötu, grónu hrauni. Því hefir hann nú verið nefndur *Hraun*.“⁶ „Nafnið er dregið af því, að hraunið mikla, sem undir liggur, stendur sum staðar upp úr jarðveginum. Hið nýja nafn kemur fyrst fyrir í rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270 eða litlu síðar.“⁷ „Item suarinn vitnisburður vm reka mork millum stokseyrar og hrauns. Selalöns klett og Hrauns mork. og sionhending vr Selaklettum vppi arnarhö. og Grænhöl.“⁸ „Með tilliti til þess, sem áður er sagt um Framnes, er því líklegt, að flutingur bæjarins og nafnbreyting jarðarinnar hafi gerzt nálægt aldamótum 1200, varla miklu fyrr eða miklu síðar. Um Hraun er sjaldan getið á miðöldum. Nefna má aðeins, að árið 1498 er þar gert bréf um úttekt og afhendingu staðarins í Hrepphólum.“⁹ Í ritinu *Saga Eyrarbakka* telur Vigfús Guðmundsson að nafnið Hraun komi fyrst fram í fornbréfasafninu 1498 vegna þess að rekaskrá Skálholtsstaðar undir ártalinu 1270 getur verið miklu yngri viðbót við rekaskrána, sem mun þó vera gömul í eldri mynd sinni.¹⁰ Í vitnisburðarbréfi Odds Grímssonar á Hrauni um landamerki Stokkseyrar og Hrauns um 1560 segir: „Eg same Oddur Grijmsson hefe og bued. 5. ár á Skumstöðum i Stockseyrarhrepp og svo 16. ár á. Hraune. Þá vissa eg ei önnur landamerke vera og verid hafa i millum Stockseyrar og Hrauns. helldur eñ ad sa gardur ætte ad ráda sem geingur af siðarböckunum og upp ad myrinne i millum Stockseyrarsels og Hrauns. og so sionhending á Breidamyre.“¹¹

Ekki er vitað hvenær Hraun komst í eigu kirkjunnar, en líklegast hefur það verið í kaþólskum sið, líklega 14. eða 15. öld.¹²

² Guðmundur Þórarinnsson. 1997, bls. 5.

³ Guðni Jónsson. 1958, bls. 9.

⁴ Guðni Jónsson. 1958, bls. 9.

⁵ Guðni Jónsson. 1958, bls. 10.

⁶ Brynjúlfur Jónsson. 1905, bls. 11.

⁷ Guðni Jónsson. 1958, bls. 10.

⁸ *Diplomatarium Islandicum*. II. 1893, bls. 75.

⁹ Guðni Jónsson. 1952, bls. 10.

¹⁰ Vigfús Guðmundsson. 1945, bls 54.

¹¹ *Diplomatarium Islandicum*. XIII. 1933-1939, bls. 562.

¹² Guðni Jónsson. 1958, bls. 12.

Hinn 2. janúar 1653 varð eitt hinna miklu sjávarflóða mest austan með Eyrarbakka og víða annarsstaðar. Í Seiluannál¹³, Fitjaannál¹⁴ og Sjávarborgarannál er flóðinu lýst í samtímaheimildum. Í Sjávarborgarannál er atburðinum á Hrauni lýst hvað nákvæmast: „Á Hrauni og Háeyri á Eyrarbakka varð mestur skaði. Þar tók alla skemmuna burt með öll því í henni var og bar upp í tjarnir. Nokkuð fannst aftur af því. Nokkrar kýr drápust í fjósinu á Hrauni, einn hestur í hesthúsi og nokkrar kýr hjá húsunum. Sjórinn féll inn allan bæinn. Sumir menn héldu sér uppi á húsbitunum, en sumir af stóðu flóðið uppi á húsapekjum. Ekkjan Katrín [Þormóðsdóttir] missti í því stórflóði 80 hundraða.“¹⁵

Í flóðinu urðu svo miklar skemmdir á Hrauni, að þar þótti ekki byggilegt aftur á sama stað. Í nóvember 1655 fékk Benedikt Þorleifsson Skálholtsmaður byggingu fyrir Hrauni og fluttist þar vorið eftir. Mun það hafa verið hans fyrsta verk að byggja upp bæinn að nýju á öruggari stað. Því var árið 1656 var síðari ábúandinn á Hrauni.¹⁶ „Hraun var nú flutt norður fyrir flóðin, alllangan spöl frá sjó og á hærri stað. Þar stóð bærinn síðan hátt á þriðju öld, tiltörulega óhultur fyrir sjávarflóðum. Nokkrum átatugum eftir flutninginn var bær reistur á ný á gamla bæjarstæðinu, og nefndist hann Gamla-Hraun [165861-145] Ein af hjáleigum í hverfinu hét Litla-Hraun [165868-144]. Til aðgreiningar frá þessum bæjum var nú farið að kalla heimjörðina Stóra-Hraun.“¹⁷

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708 er Stóra-Hrauni lýst eftir farandi: „Jarðardýrleiki óviss, því engin geldst hjer tíund af. Jarðareyrir hefur hjer verið, sem áður segir á öðrum stólsjörðum. Eigandi biskupsstólinn Skálholt. Ábúandinn á hálfri jörðinni ekkjan Helga Benediksdóttir. En á hálfri ekkjan Guðný Þórðardóttir. Landskuld i C níutíu álnir af allri jörðinni, betalats í landaurum heima á jörðinni eftir proportion. Leigukúgildi vi, iii hjá hverjum. Leigur gjaldast í smjöri á Eyrabakka eftir proportion. Kvaðir mannslán um vertíð í Þorlákshöfn, hestlán og dagsláttur, leysist með xv álnum, ef ei geldst in natura. Þetta eftir proportion. ... Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga næg. Elt er taði og þangi. Selveiðivon er hjer lítil, hefur ei hepnast í nokkur umliðin ár. Rekavon nokkur, og hefur leiguliði af viði það eina, sem ráðsmaður stólsins til leggur til húsbótar, og hafa þó leiguliðar að nokkru leyti keypt danskan við til húsanna, þá hann hefur ekki til hrokkið. Sölvafjara næg fyrir heimamenn, og stundum hefur ábúandi selt söl sjer til gagnsmuna, so sem vera kan i C lx álnir, stundum minna. Fjörugrös lítil og þykir mönnum þau lítt nýtandi nema í húngurstíð og brúkast því sjaldan. Ætipöngla, kjarna og kellíngaeyru má finna í fjörunni, brúkast ei nema í húngri. Skógarhögg hefur jörðin frí sem aðrar stólsjarðir. Túni og engjum grandar sjógangur með grjóti og sandi til stórskaða með miklum, landbrotum, so að fyrir 50 árum þessi jörð færð úr sínum stað þángað sem nú stendur hún undan sjóargangi, og gengur sjórinn í kríngum bæinn upp að fjósum, so þángað verður ei komist, þó menn vildur ríða, meðan þessi sjógangur varir. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum, og verður hirðir jafnan að gæta fjár, ella er von stórskaða. Vatnsból spillist af sjóarstórflæðum, sem bera stand og seltu í brunna, og er þá mjög erfitt og langt til að sækja.“¹⁸

Í Hraunshverfinu voru hjáleigurnar með þá sérstæðu að þær voru spölkorn frá heimabýlinu og öll fyrir ofan Bakkan sjálfan.¹⁹ Hjáleiganna er fyrst getið í *Manntalinu 1703*, þar eru hjáleigur

¹³ *Annálar 1400-1800*. 1922-1927, bls. 303.

¹⁴ *Annálar 1400-1800*. 1922-1927, bls. 170.

¹⁵ *Annálar 1400-1800*. 1922-1927, bls. 292.

¹⁶ Guðni Jónsson. 1952, bls. 11.

¹⁷ Guðni Jónsson. 1952, bls. 12.

¹⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 68-70.

¹⁹ Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 159.

Stóra-Hrauns sex talsins. Hjáleigurnar eru ónafngreindar, en getið eru um staðsetningu þeirra en þá bjuggu í Stóra-Hrauni 17 manns.²⁰ Samkvæmt *Jarðbókinni* eru hjáleigur Stóra-Hrauns átta talsins. Fimm hjáleigur voru í byggð; Elliðakot [165857-149], Stéttarendi [182312-147], Söðlakot [182311-146], Salthóll [10], Litla-Hraun [165868-144] og fjórar í eyði Gamla-Hraun [165861-145], Borg [165857-150] og Pálskot [13], ásamt tómthúsinu Foki.[182313]²¹ „Kostir og ókostir, sem segir um heimajörðina, á öllum þessum hjáleigum, nema hjáleigumennirnir mega ei brúka sölvaðfjöruna með öðrum skilmála, en þeir standi skil ábúanda á öllum helmingi sölvanna, og geldur bóndinn þeim ekkert fyrir sitt ómak, hefur þó um nokkur næstliðin ár nokkur linkind verið sýnd (af heimabóndanum) hjáleigumönnum. Um viður til húsbótar á þessum hjáleigum er eftir góðir forlíkun og samkomulagi við heimabóndann, hvort hann tileggur mikið eða lítið.“²²

Samkvæmt *Jarðabókinni 1708* var talið að bærinn hafi verið fluttur fyrir 50 árum, En Guðni Jónsson telur að bæjarflutningurinn hafi átt sér stað árið 1656. Hann tekur mið af því að árið 1657 gefur biskup Benedikti eftir allt afgjald af jörðinni yfir það fardagaár. Eftirgjöldi hljóta að hafa verið vegna kostnaðar Benediktst við að flytja bæinn.²³ *Jarðabókin* hefur því verið nokkuð nákvæm því aðeins munar um tvö ár. Árið 1762 voru hjáleigur Stóra-Hraun tíu talsins með 64 íbúum.²⁴

Á uppboði Skálholts jarða þanni 9. ágúst 1788 var Hraun seld með öllum hjáleigum og 6 kúgildum. Mannmargt hefur verið í Stóra-Hrauni árið 1801 voru ábúendur Stóra-Hrauns tíu manns,²⁵ 11 manns bjuggu þar árið 1816²⁶ og 15 þar árið 1845.²⁷ Samkvæmt *Manntali á Íslandi 1910* er skráð eitt timburhús á Stóra-Hrauni, en þar bjuggu 14 manns.²⁸

Árið 1686 þá var dýrleiki Hrauns 35 hundruð og kúgildi sex.²⁹ Samkvæmt *Jarðatali á Íslandi* árið 1847 var dýrleiki Stóra-Hrauns 48 ^{2/3} landskuld var 1,90 og kúgildi sex.³⁰ „Stóra-Hraun var prestssetur frá 1893-1937 ... [j]örðin hætti að vera sérstök bújörð eftir að ríkissjóður keypti hana 1927 og lagi undir Litla-Hraun. (Vinnuhælið).“³¹

Náttúrufar og jarðabætur

Jarðskjálftar og aðrar náttúruhamfarir hafa oft valdið miklum usla við ströndina. Húsin á jörð Stóra-Hrauns voru 24 talsins fyrir jarðskjálftana sem urðu árið 1896 og peningshúsin voru tíu. Tvö bæjarhús voru í Stóra-Hrauni, skemmdist annað þeirra mjög mikið. Níu Peningahús tilheyrðu Stóra-Hrauni og skemmdist eitt mikið en átta lítið.³²

Á túnakort sem líklega er teiknað um 1920 er skráður bær, tvö útihús (annað fjárhús) og tveir matjurtagarður sem voru samtalt 6529 m². Heimatún 5,6 ha þar af ^{2/3} sléttað, útgræðsla 10,5 ha öll slétt. Heimatún og útgræðsla var öll girt í sambani við útengi.³³ Samkvæmt *Fasteignabók*

²⁰ *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 596.

²¹ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 70-72.

²² Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 72.

²³ Guðni Jónsson. 1952, bls. 12.

²⁴ Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 159-160.

²⁵ *Manntal á Íslandi 1801*. *Suðuramt*. 1978, bls. 213.

²⁶ *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-74, bls. 300.

²⁷ *Manntal á Íslandi 1845*. *Suðuramt*. 1982, bls. 218-9.

²⁸ *Manntal á Íslandi 1910*. III *Árnessýsla*. 1997, bls. 148-9

²⁹ Björn Lárusson. 1967, bls. 104.

³⁰ Johnsen, J. 1847, bls. 59.

³¹ *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 281.

³² Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905, bls. 184-5

³³ *Túnakort* [1920] Stórahraun.

frá árinu 1932, var túnastærð Stóra-Hrauns eitt og tvö ekki vitað en matjurtagarðar voru samtals 4400m² að stærð.³⁴

3.2 Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis

Númer: 3422-001

Sérheiti: Hraunstekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Rúst

Staðsetning: E: 397018 N: 374162

Lengd: 11 m

Breidd: 8 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Lítil hætta



Mynd 2. Hraunstekkur, tvö hólf greinileg og garðlagið sem hefur verið hluti af mannvirkinu. Ljós. MHH

Staðhættir: Í Örnefnaskrá segir „Norðaustur af Skítmýrinni er allstór grjóthóll sem heitir *Hraunstekkur*. Þar var fjárrétt frá Stóra-hrauni. Vestar og aðeins sunnar sést móta fyrir grjóthleðslu. Er það Gamla-Hraunstekkur.³⁵ Á vefnum ísmús má finna eftirfarandi lýsingu „Í Hraunshverfi á Eyrarbakka eru þrír blettir sem bannað er að slá eða nytja á annan hátt, en þetta eru hóllinn og dældin fyrir norðan bæinn á Stóra - Hrauni, hóllinn *Hraunstekkur* og stararflóðið fyrir norðan túnið á Borg. Tók eitt sinn Gísli Gíslason á Hrauni einn stein úr hólnum fyrir norðan Stóra - Hraun. Fótbrotnaði þá hryssa er hann átti og festi fótinn í holu, og varð að skera hana á staðnum þar sem fóturinn náðist ekki upp úr. Var þó fóturinn laus um leið og búið var að skera hana. Stararflóðið var aldrei nokkurn tíma slegið, en það sagði Jónas Halldórsson í Borg, að hann hefði reynt það að taka starartuggu úr flóðinu, er kýr veiktist og gefið henni það, og brást þá varla að henni batnaði. Var það mál manna að huldufólk byggi í hólnum Hraunstekki, og var flóðið í kringum það engi huldufólksins. Var það eitt sinn slegið, og varð þá sá sem það gerði fyrir því að slátra snemmbærinni sinni í misgripum fyrir aðra kú.³⁶ Hraunstekkur er 367 m NA af veginum sem liggur til Stokkseyrar.



Mynd 3. Þarna sjást yfirgrónu hlutar Hraunstekksins. Ljós. MHH


Minjalýsing: Stekkurinn er grjóthlaðin og myndar tvö greinileg hólf. Annað hólfið er 6x8 m og hitt er 5x8 m. Við hliðina á syðra hólfinu má greina þriðja hólfið en það er yfirgróið og er 5x6 m

³⁴ *Fasteignabók*. 1932, bls. 12.

³⁵ Örnefnaskrá Stóra Hraun.

³⁶ Ísmús <https://www.ismus.is/tjodfraedi/sagnir/6337>

að stærð. Fjórða hólfið er líka yfirgróið og illgreinanlegt en það er líklega lamakró sem hefur verið 3x3 m. Veggirnir eru frá 1-2 m á breidd, hæð þeirra um 40 cm og eru þeir ógrónir úr hraungrýti. Til NNV gengur einfalt garðlag sem ekki alveg er hægt að sjá tilgang með en hefur örugglega verið hluti af réttinni og líklega stæðasta hólfið en hlut þess er horfið.



Mynd 4. Innmæling á Hraunstekk

Númer: 3422-002

Sérheiti: Gamla- Hraunsteckkur

Hlutverk: Steckkur/fjárrétt

Tegund: Heimild/ Grjóthóll

Staðsetning: E: 396587, N: 374362

Lengd: 4 m

Breidd: 3 m

Ástand: Illgreinanlegt

Horfin: Nær alveg

Hættumat: Lítil hætta



Mynd 5. Gamli Hraunsteckkur

Staðhættir: Í Örnefnaskrá segir „Norðaustur af Skítmýrinni er allstór grjóthóll sem heitir *Hraunstekkur*. Þar var fjárrétt frá Stóra-hrauni. Vestar og aðeins sunnar sést móta fyrir grjóthleðslu. Er það *Gamla-Hraunsstekkur*.³⁷

Minjalýsing: Gamla Hraunsstekkur er ekki alveg þar sem örnefnið hefur verið hnitsett heldur um 36 m norðar. Þar sér mjög ógreinilega fyrir hleðslu af byggingu sem er mjög gróin og hefur verið 3x6 m. Veggir eru aðeins um 10-20 cm á hæð.

Númer: 3422-003

Sérheiti: Gamla Hraunsborg

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Rúst

Staðsetning: E: 396685, N: 375026

Lengd: 10 m

Breidd: 11 m


Ástand: Mjög slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir „Milli Mósukurðar og Litla-Hraunsstekks, er smá hæð sem heitir *Gamla-Hraunsborg*, fjárborg frá Gamla-Hrauni.“

Minjalýsing: Rústin er mjög gróinn en stendur aðeins upp úr umhverfinu í kring um 30 cm, sér óljóst móta fyrir veggjum á rústinni sem virðist vera tvö samlíða hólfi.



Mynd 6. Innmæling Gamla Hraunborg



Mynd 7. Rústir Gömlu Hraunborgar. Ljós. MHH

³⁷ Örnefnaskrá Stóra Hraun.

Númer: 3422-004

Sérheiti: Framneshóll

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Rúst

Staðsetning: E: 397169, N: 374712

Lengd: 8 m


Breidd: 8 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir: Þar segir í örnefnaskrá Hraunshverfis „ Á Hraunsmýrinni eru eru fjárhústóftir frá fyrri og síðari tímum. Hraunsborgir, Bárðartóft, kennd við Bárð, sem bjó á Litla-Hrauni um miðja 19.öld Gíslatóft kennd við Gísla, er bjó á Stóra-Hrauni seint á öldinni og Framneshóll þar sem Ari Símonarson er bjó á Stóra-Hrauni samtímis Gísla hafið *beitarhús og kuml*. Í annarri örnefnaskrá segir „Austast á Hraunsmýrinni nokkuð upp af hrauninu er stór hóll sem heitir Framneshóll, líklega kenndur við gamla Framnes og þá mjög gamalt örnefni. Á Framneshól hafði Ari Símonarson, bóndi á Stóra-Hrauni og síðar Stöðlakoti, *beitarhús og kuml*“



Mynd 9. Fjárhúsin á Framneshól



Mynd 8. Rústir fjárhús á Framneshól. Ljós. MHH

Minjalýsing: Fjárhúsin standa á Framneshól sem er nokkuð veglegur hóll sem stendur hátt í umhverfinu í kring. Þar eru rústir af fjárhúsi sem hefur verið tvö hólf, mögulega fjárhús og heytóft eins og segir í örnefnaskrá. Veggir eru grónir en sér í stein og stein en þeir eru um 30-40 cm á hæð. Gerði er í miðju húsinu og heyhlaða aftanvið. Rústin er 8x8 m að stærð. Allt í kring um Framneshólinn má greina mógrafir [005]



Mynd 10. Framneshóll stendur áberandi upp úr Hraunsmýri. Ljós. MHH

Númer: 3422-005

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Náma

Staðsetning: E: 397286, N: 374964

Ástand: Sæmilegt


Horfin: Nei

Staðhættir: Allt í kring um Framneshól eru mógrafir.

Minjalýsing: Sumar grafirnar eru fulla af vatni en aðrar eru uppgrónar. Þær eru austast á svæðinu og eru mjög margar. Stæðistu grafirnar voru mældar upp.



Mynd 11. Ein af fjölmörgum mógröfum í kring um framneshól. Ljós. MHH



Mynd 12. Myndin sýnir mógrafirnar á svæðinu sem flestar eru í austurhluta svæðisins.

Númer: 3422-006

Hlutverk: Áveita

Tegund: Skurðir

Staðsetning: E: 397023, N: 374951

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Staðhættir: Á svæðinu má greina nokkra áveituskurði og var svæðinu sem nefnist Hrausmýri áður skipt upp í engjar sem hvert grasbýli í Hraunshverfi átti ³⁸

Minjalýsing: Fjórir handgrafnir skurðir liggja inn á svæðinu. Þeir eru uppgrónir og eru um 1 m á breidd. Þrír liggja austarlega á svæðinu en einn er nærri veginum á Stokkseyri (vestast á svæðinu).

³⁸ Eyrarbakkaheppur Örnefni



Mynd 13. Áveituskurðir á svæðinu.

3 NIÐURSTÖÐUR

Framkvæmdasvæðið er stórbýfð mýri sem er hluti af Hraunsmýri. Fjórar rústir voru skráðar innan framkvæmdasvæðis. Engin af þeim lendir inn á byggingareitum. Hinsvegar er gert ráð fyrir trjám nærri nokkrum þeirra. Sú hönnun væri auðveldlega hægt að breyta til að forðast að planta trjám nærri rústunum. Ein rústin Hraunstekkur [001] er með línu teiknaða yfir en ekki er ljóst hvort um er að ræða fyrirhugaðan veg eða skurð sem teiknaður hefur verið, skurður er líklegri. Þetta þarf að athuga [mynd 14]. Lagt er til að hönnun á gróðurbeltum verði endurgerð með tilliti til minja í samráði við Minjastofnun. Með því ætti að vera hægt að komast hjá skemmdum á minjum inn á svæðinu. Einnig er lagt til að minjar verði merktar greinilega á meðan framkvæmdir á svæðinu fara fram. Minjar sjást ekki alltaf á yfirborði, komi



Mynd 14. Hraunstekkur og lína þar í gegn.

minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva þær strax og hafa samband við Minjastofnun Íslands.

4 HEIMILDASKRÁ

Annálar 1400-1800. Annales Islandici posterium sæculorum. 1922-1927. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi.* Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilægumanna í Árnesþingi.* Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904.“ *Árbók hins íslenska forleifafélags.*

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers.* Gleerup, Lundur.

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. II. 1893. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. XIII. 1933-1939. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. *Eyrarbyggðir örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen.* Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. *Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka,* Reykjavík.

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 1 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 3 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Pálsson 1946. *Austantórur.* II bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

Lilja Kristín Ólafsdóttir. 2025. Deliskipulag Stóra Hraun. Sveitarfélagið Árborg.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-74. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Sjávarflóð 22.1.1925. Allan Magnússon skráði. Örnefnastofnun.


Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1920]. *Stórahraun. (austurbær). Eyrarbyggðir, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbyggðar*. Fyrri bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

5 KORT



Kort 1. Rústir eru merktar með hring og númeri.



Kort 2 Loftmynd undir og minjar inn í hring